

Fundargerð aukaaðalfundar þann 20 október 2020.

Tekin verða fyrir liðir 1, 4 og 5 í dagskrá, aðrir dagskrárliðir voru kláraðir á aðalfundi þann 7. júlí sl.

Fundarstjóri er Jón Páll Hreinsson

Fundarritari er Dána Jóhannsdóttir

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2020				
Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Fjöldi fulltrúa	Mætt	Nöfn
Reykholahreppur	262	2	2	Jóhanna fer
Vesturbyggð	1021	4	4	Rebekka fer með öll atkvæði
Tálknafjarðarhreppur	251	2	2	Lilja 1 atkvæði Ólafur 1 atkvæði
Bolungarvíkurkaupstaður	955	3	3	Jón Páll fer með öll atkvæði
Ísafjarðarbær	3809	6	6	Birgir fer með öll atkvæði
Súðavíkurhreppur	208	2	2	Bragi fer með öll atkvæði
Árneshreppur	43	1		
Kaldrananeshreppur	109	1		Finnur fer með atkvæði
Strandabyggð	457	2	2	Þorgeir fer með öll atkvæði
Samtals	7115	23	21	

**1. Árskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.**

Framkvæmdastjóri fer yfir ársskýrslu 2019.

**2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.**

Tekið fyrir á aðalfundi haldinn þann 7. júlí sl.

**3. Laun og þóknun stjórnar.**

Tekið fyrir á aðalfundi haldinn þann 7. júlí sl.

**4. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu BsVest eins og hún er í dag, þriðja áætlun fyrir árið 2020 mun liggja fyrir í byrjun næstu viku 26-30 október en vísbendingar gefa til kynna að framlög til BsVest séu að hækka úr 483 millj. kr. í 520 millj. kr. sem verður til þess að endurskoðuð áætlun með þeim viðaukum sem komnir eru á borð BsVest er ekki lengur í 30 millj kr halla heldur í 1 millj kr. hagnaði. Framkvæmdastjóri veit til þess að enn eigi einn viðauki eftir að koma vegna kostnaðaraukningar þá einna helst út af Covid 19. En framkvæmdastjóri sótti um í sjóð sem jöfnunarsjóður setti á laggirnar út af Covid-19 og fötlunarbþjónustunni, tvö sveitarfélög sóttu um styrk og fengum við um 70% af þeirri fjárhæð sem sótt var um.

Fjárhagsáætlun komandi árs er ekki kominn langt á veg en Jöfnunarsjóður gaf út á föstudaginn sl. 1 áætlun vegna 2021 og þar er gert ráð fyrir að BsVest fái um 540 millj. kr frá jöfnunarsjóð. Stjórn fékk Harald Líndal til að fara yfir fjárhagsáætlunargerð og hvernig væri hægt að gera hana skilvirkari og skýrari. Nokkrir punktar komu út úr þeirri vinnu sem framkvæmdastjóri ásamt stjórn er að stilla upp sem sveitarfélögin þurfa að vinna eftir með BsVest.

**5. Starfsáætlun komandi árs.**

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsáætlunina sem spannar lok árs 2020 og árið 2021. Í áætluninni er gert grein fyrir fjölda ferða á milli þjónustusvæða sem og þeim verkefnum sem framkvæmdastjóri sinnir hverju sinni. Framkvæmdastjóri fór einnig yfir heimasíðu BsVest sem er í vinnslu og er unnin á milli verkefna.

**6. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykktá BsVest<sup>1</sup>**

Tekið fyrir á aðalfundi haldinn þann 7. júlí sl.

<sup>1</sup>5. Grein

Aðalfundur byggðasamlagsins skal haldinn fyrir lok maímánaðar ár hvert. Aukafundi skal boða ef þörf krefur að mati stjórnar eða ef a.m.k. tvö aðildarsveitarfélög óska þess. Á kosningarári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en fyrir lok september þar sem kosin skal ný stjórn og kjörnefnd. Fráfarandi stjórn skal boða til þess fundar.

**7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis**

Tekið fyrir á aðalfundi haldinn þann 7. júlí sl.

**8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.**

Tekið fyrir á aðalfundi haldinn þann 7. júlí sl.

**9. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi slitið